

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 458, 27. september 1991, ásamt br. nr. 468, 23. desember 1992:

Liðirnir C.2 Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun, hækki um 6%. Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1993.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Seyluhrepps.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Seyluhrepps er sjálfstætt fyrirtæki sem Seyluhreppur starfrækir.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita varmaorku um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Orkuveitusvæði hitaveitunnar er Seyluhreppur.

Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu varmaorku á orkuveitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum sveitarstjórnar og er henni heimilt að skipa þrjá menn í veitustjórn og ráða framkvæmdastjóra.

5. gr.

Veitustjórn skipa þrjú menn og þrjú til vara sem kosnir eru af sveitarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og sveitarstjórnar. Veitustjórn skiptir með sér verkum.

6. gr.

Veitustjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum. Ákvörðun sem hefur meiriháttar áhrif á rekstur eða eignarstöðu hitaveitunnar má þó ekki taka án þess að allir veitustjórnarmenn hafi átt þess kost að fjalla um málið.

7. gr.

Verkefni veitustjórnar er:

- 1) að hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi;